

- 124** 1. Ólafi Ólafssyni frá Lundum í Mýrasýslu 200 kr.
 2. ágúst. 2. Boga Helgasyni frá Vogu í sömu sýslu 200 —
 3. Jósepi Bjarnarsyni frá Fögrubrekku í Strandasýslu með sjerstaklegu tilliti til þess, að hann samkvæmt vottorði frá forstöðumanni skólans virðist vera mjög efnilegur, og þar sem hann er bláfátökur 400 —

Enn fremur veitast hjer með af nefndu fje 233 kr. upp í laun jarðyrkjumanns Ólafs Bjarnarsonar.

Ávisun á ofan nefndar samtals 1033 kr. fylgir hjer með.

- 125** — *Brjef landshöfðingja til biskups um þjónustu Kjalarnesþingaprestakalls.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 22. f. m. samþykkist hjer með, að löggilding prestanna á Reynivöllum og Mosfelli til þess að þjóna hinn fyrrnefndi Saurbøjarsókn og hinn síðarnefndi Brautarholtssókn verði lengd um 2 ár eða til fardaga 1880.

- 126** — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti.* — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 16. f. m. hefi jeg af fje því sem með 15. gr. fjárlaganna um árin 1878—79 er lagt til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitt organista Jónasi Helgasyni 100 kr. þóknun fyrir tilsögn í söng og organslætti á þessu ári.

- 127** — *Brief landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um laxveiðina í Elliðaáum.* — Eptir að þjer herra amtmaður höfðuð látið halda skóðunargjörð á þeim laxveiðaáhöldum, sem eigandi laxveidarinnar í Elliðaánum, kaupmaður Thomsen, við hefir við áminnsta laxveiði, til að komast að raun um, hvort svo mikið bil væri milli rimanna í laxakistum hans, að lax, sem er 9 þumlunga gildur, gæti smogið þær, svo sem ákveðið er með 5. grein laganna 11. maí 1876, hefir Thomsen kaupmaður í brjefi frá 3. þ. m. leitazt við að sanna fyrst og fremst, að ákvarðanir í 5. grein nefndra laga ekki verði heimfærðar á laxveiðina í Elliðaánum, og þar næst að veiðiáhöldum sínum sje svo fyrirkomið, að 9 þumlunga gildur lax geti komizt gegnum þau. Þjer hafði því herra amtmaður í þóknanlegu brjefi 5. þ. m. spurt, hvort svo beri að álita, að laxveiðin í Elliðaánum heyri undir ákvarðanirnar í 5. grein fyr tjeðra laga, þar eð þjer annars kostar ekki finnið ástæðu til að skjóta því undir atkvæði dómstólanna, hvort áminnt veiðiáhöld sjeu samkvæm fyrirmælum laganna.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að brjef ráðgjafans frá 26. maí f. á. að eins geti um þá spurningu, hvort fyrirmæli 2. gr. laga frá 11. maí 1876, en þau virðast eptir sambandi því, er þau standa í við landsleigubálk Jónsbókar 56. kap., að eins að stefna að því að tiltaka nákvæmar þau rjettindi, er bera ýmsum mönnum, sem eiga veiði, í sömu á hvorum gagnvart öðrum, geti álitizt að ná til laxveidarinnar í Elliðaánum, sem Thomsen samkvæmt hæztarjettardómi 16. febr. 1875 er einkaeigandi að, en aptur á móti snertir áminnt brjef ekki það spursmál, hvort almennar ákvarðanir þær um friðun á laxi, er lög 11. maí 1876 innihalda, ná til nefndra áa, og ber að ætlan minni að svara því játandi.

Þar eð lög um breytingu með tilliti til útgjalda þeirra, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum frá 2. nóvember f. á. 2. gr. ákveða, að kostnaðurinn við rekstur sakamála og lög-reglumanna skuli, að því leyti, sem hann ber að greiða úr opinberum sjóði, borgast úr landssjóði, en það verður ekki ákveðið, fyrr en slíkt mál er á enda kljád, að hve miklu leyti kostnaðurinn við það skuli lenda á hinu opinbera, tel jeg mjer, sem stendur, ekki fært að ávísa til útborgunar úr landssjóði reikningum þeim, erhjer með endursendast, yfir kostnaðinn við skoðunargjörð þá, sem haldin var 1. þ. m., að upphæð 9 kr. 50 auru.

Hin fylgiskjölin, sem voru með brjefi herra amtmannsins 5. þ. m. endursendast sömuleiðis.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðgjörð við dómkirkjuna í Reykjavík.* — Jafnframt því að skýra mjer frá því, að viðgerðinni á Reykjavíkur dómkirkju hefði orðið að skjóta á frest til næzta sumars sökum vantandi efnis og vinnuaflla, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 22. f. m. skýrt mjer frá, að þjer með tilliti til framkvæmdar á þessu verki, að sumri komanda hafið snúíð yður til þeirra þriggja íslenzku smíða, er 21. nóvember 1876 sömdu áætlun um kostnaðinn við verkið, en að þeir hafi verið ófúsir á að takast verkið á hendur fyrir borgun þá, er þeir ætluðu á (18651 kr. 13 auru), en að þjer eptir að hafa boðið öllum íslenzkum smíðum starf þetta, hafið fengið tilboð frá Jakobi trjesmið Sveinssyni, að hann vildi taka smíðið að sjer fyrir samtals 21000 kr., og að hann hafi tilgreint þá ástæðu fyrir því að fara fram yfir áætlun þá, sem hann hafið undirskrifað ásamt öðrum, að hann við ítarlegri íhugun hefði komizt að raun um, að nauðsynlegt yrði að gjöra ýmsar breytingar á hinnu upphaflegu áætlun, og við það myndi kostnaðurinn aukast til muna. Sökum þessa og með því að þjer álitíð hlutaðeiganda í öllu tilliti áreiðanlegan og fullveðja mann, hafið þjer farið þess á leit, að yður væri gefið vald til að gjöra samning við hann um að framkvæma þetta erfiði fyrir fyrgreinda upphæð 21000 kr., samkvæmt áætlun þeirri, er samin var 1876, en þó þannig, að eptir samkomulagi milli yðar og hans geti orðið breytingar, sem miða til þess að gjöra viðgjörðina traustari.

Út af þessu læt jeg ekki undanfalla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að jeg eptir málavöxtum ekki er því mótfallinn, að þjer semjíd við Jakob trjesmið Sveinsson um að fullgera hið umrædda verk með kostum þeim, sem til eru teknir, en þó ber að taka það skýrt fram, að kostnaðurinn megí ekki með nokkru móti fara fram úr 21000 kr., sem er upphæð sú, er hann hefir áskilið sjer.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 25. f. m. lútandi að afgangi hins íslenzka landssjóðs um fjárhagstímabilið 1876 og 1877, læt jeg ekki undan falla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að af tjeðum afgangi mun verða haft á reiðum höndum allt að 30000 kr., til þess að lána fje þetta út eptir nánari tillögum yðar, herra landshöfðingi, í hvert skipti, er svo ber undir, hreppsíjelögum, stofnunum og einstökum mönnum á Íslandi, samkvæmt reglum þeim, er standa um lán úr viðlagasjóði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af tóbaki í pappírsvindlum.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 27. maí þ. á. hafið þjer, herra landshöfð-

127
13. ágúst.128
15. ágúst.129
15. ágúst.130
15. ágúst.